

101

11. júní

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar, nr. 62  
14. júní 1930, sbr. breytingu nr. 126 23 sept. 1946.

Upphaf 5. liðs gjaldskrárinnar orðist þannig.

Fyrir vatn til skipa skal greiða við afhendingu kr. 5.00 fyrir hverja smálest vatns o. s. frv.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. júní 1951.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

102

11. júní

## REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð Höfðakaupstaðar, nr. 209 18. nóv. 1947.

1. gr.

23. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Öll aðkomuskip, sem fara inn fyrir hafnargarð, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, skyld til að greiða hafnsögugjald eins og hér segir:

Innlend skip greiða hafnsögugjald aðeins einu sinni á ári, nema þau noti hafnsögumann.

Herskip og varðskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 100 krónur fyrir hvert skip allt að 300 brúttósmálestir og 10 aura fyrir hverja smálest, sem þar er yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 300 brúttósmálestir, og 5 aura fyrir hverja smálest, sem þar er yfir.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina greiðist hálf gjald samkvæmt a-lið.
- d. Fyrir að vera úti í skipum greiðist 100 krónur fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, unz hafnsögumaður er aftur kominn heim. Jafnframt greiðist hafnsögugjald undir staflíð a. og b.

2. gr.

24. gr. orðist svo:

- a. Allir bátar og skip, sem heima eiga í Höfðakaupstað, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 5 krónur fyrir hverja brúttósmálest, þó aldrei minna en 100 kr.
- b. Aðkomubátar og skip, sem stunda fiskveiðar héðan og liggja innan hafnargarðs, skulu greiða 1 kr. fyrir hverja brúttósmálest fyrir hvern mánuð, þó ekki minna en 75 krónur fyrir mánuð eða hluta úr mánuði.
- c. Öll önnur skip, sem koma til hafnar, skulu greiða 40 aura fyrir hverja brúttósmálest í hvert sinn, sem þau koma til hafnar, þó skulu innlend fiskiskip aðeins